

Minnisblað vegna safngeymslna 14.8.2020

Brýn nauðsyn er á geymslum fyrir Skjala-, Ljósmynda- og Listasafn auk þess sem Byggðasafn Vestfjarða stendur frammi fyrir miklum vanda.

Geymsla Skjalasafns og Ljósmyndasafns í kjallara Safnahússins er löngu sprungin auk þess sem aðstæður þar eru slæmar sökum raka og myglu í húsnæðinu. Engar hillur hafa verið fyrir hendi í mörg ár og afhendingar eftir 2006 eru geymdar á brettum. Skjalasafnið hefur haft tímabundna geymslu í Hafnarhúsinu á Ísafirði þar sem brettin eru geymd og það er tímafrek vinna að umstafla öskjum á brettum þegar komast þarf í gögn þar. Ekki þótti skynsamlegt að hilluvæða hafnargeymsluna þar sem líkur voru á að safnið hefði ekki afnot af henni nema í skamman tíma, eins og komið hefur á daginn. Móttöku stórra afhendinga frá skilaskyldum aðilum hefur verið frestað eins og unnt er þar sem ekki er aðstaða til að taka við þeim. Má þar nefna Ísafjarðarbæ sem enn geymir mikið af eldri gögnum í skjalageymslu í kjallara Stjórnsýsluhússins og í eldvarinni geymslu á 2. hæð.

Þegar verið er að áætla geymslurými til framtíðar þarf að horfa til langs tíma eða a.m.k. 50 ára. Samkvæmt því má gera ráð fyrir að þörf Skjalasafns, Ljósmyndasafns og Listasafns sé samanlagt um 800-1000 fermetrar. Inni í þeirri tölu er jafnframt áætlað tölvurými vegna rafrænna skila.

Þörf Byggðasafnsins er svipuð og er þá horft til þess að bátar safnsins komist undir þak. Bátageymsla þarf þó ekki að vera í sama húsnæði og varsla annarra gripa.

Lausn á þessu vanda gæti verið að byggja húsnæði í tengslum við byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Skeiði. Svæðið er ekki á snjóflóðahættusvæði og lítil hætta á sjávar- eða vatnsflóðum.

Önnur lausn fyrir Skjala-, Ljósmynda og Listasafnið er að kaupa húsnæði Mjólkurstöðvarinnar við Sindragötu 2 á Ísafirði en það húsnæði mun nú vera til sölu og er einnig á nokkuð öruggu svæði.

Skjalasafn, lagaumhverfi:

Um Héraðsskjalasafnð Ísafirði gilda lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Í fyrstu grein laganna segir að markmið þeirra sé að „*tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi*“.

Umsýslu skjala má skipta í tvö svið sem skilgreind eru svo í lögnum:

Skjalastjórn: Skilvirk og kerfisbundin stýring á myndun skjala, móttöku, skjalahaldi, notkun og umráðum, þar á meðal ferlum og hlítingu reglna til að fanga og viðhalda vitnisburði og upplýsingum um starfsemi og viðskipti í formi skjala.

Skjalavarsla: Öll atriði er lúta að myndun, varðveislu og aðgengi að skjölum og öðrum upplýsingum tiltekins skjalasafns hvort heldur er hjá afhendingarskyldum aðila eða hjá opinberu skjalasafni.

Um rekstur héraðsskjalasafna segir í lögnum:

10. gr. Heimild til reksturs héraðsskjalasafns og afturköllun rekstrarleyfis.

Einungis þeim sveitarstjórnnum og byggðasamlögum sem hafa fengið leyfi til reksturs héraðsskjalasafns er heimilt að reka slíkt safn.

Falli héraðsskjalasafn í vanhirðu eða séu ekki lengur fyrir hendi þau faglegu skilyrði sem voru forsenda fyrir rekstrarleyfi safnsins skal Þjóðskjalasafn Íslands vekja athygli hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða byggðasamlags á því sem aflaga er talið fara og óska úrbóta fyrir ákveðinn tíma. Sé ítrekaðri viðvörðun ekki sinnt skal Þjóðskjalasafn afturkalla rekstrarleyfi viðkomandi héraðsskjalasafns og láta flytja safngögnin úr því í Þjóðskjalasafn Íslands á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélags eða byggðasamlags.

Ef starfsemi byggðasamlags um héraðsskjalasafn er hætt skal afhenda Þjóðskjalasafni Íslands safngögnin á kostnað þeirra sveitarfélaga sem stóðu að því í samræmi við síðastgildandi skiptingu kostnaðar við rekstur byggðasamlagsins.

11. gr. Leyfi til reksturs héraðsskjalasafns.

Sveitarstjórn getur sótt um leyfi til Þjóðskjalasafns Íslands til reksturs héraðsskjalasafns til að varðveita skjöl sveitarfélagsins og sinna því hlutverki sem fram kemur í 13. gr. um hlutverk opinberra skjalasafna. Sveitarfélög geta myndað byggðasamlag um rekstur héraðsskjalasafns í samræmi við IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Með umsókn um slíkt leyfi skal, auk umsóknar skv. 2. mgr., fylgja samþykkt fyrir byggðasamlagið.

Í umsókn um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns skal gera grein fyrir áætluðum rekstrarkostnaði, húsnæði, búnaði og fjölda starfa sem safninu er ætlað. Þjóðskjalasafn Íslands veitir leyfi til reksturs héraðsskjalasafns, að fengnu samþykki ráðherra, ef umsókn ber með sér að fjárhagsleg og fagleg skilyrði séu fyrir hendi til rekstursins. Í leyfi skal tiltaka þær faglegu forsendur sem eru fyrir útgáfu þess.

Ráðherra skal setja nánari ákvæði um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns í reglugerð – sú reglugerð er nú á lokametrunum.

Byggðasafn, lagaumhverfi:

Um minjasöfn gilda safnalög nr. 141/2011 og lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Í þriðja kafla laganna er að finna ákvæði um þau skilyrði sem safn þarf að uppfylla til að fá viðurkenningu:

Safn skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast viðurkenningu:

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripi í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.
8. Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

Um þær kröfur sem gerðar eru m.a. til geymsluhúsnæðis má lesa hér:

<https://www.thjodminjasafn.is/starfsemi-safnsins/minjar-og-rannsoknir/handbaekur/>

Húsmæðraskólinn Ósk

Vakin er athygli á því að munir Húsmæðraskólans Ósk eru í ófullnægjandi geymslu í leikskólanum í Hnífsdal. Safnið hefur allt verið skráð og myndað. Grisja þarf safnið og æskilegt að í framhaldinu fari gripir sem á að varðveita í góða geymslu til framtíðar og öll skjöl á skjalasafnið.